



Hreppsnefnd 26. apríl 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjaraðrhrepps 26.04.2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 26. apríl 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir voru: Ólafur Sigmarsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Hafþór Róbertsson, Aðalbjörn Björnsson, Alexander Árnason og Steindór Sveinsson. Jafnframt var mættur á fundinn sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Bað hann síðan um leyfi til að breyta auglýstri dagskrá, þannig að fundargerð skólanefndar frá 25. apríl sl. verði tekin inn á dagskrá, einnig bygginganefnd frá sama degi sem verður 3. mál á dagskránni, og var það samþykkt. Síðan var gengið til dagskrár

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 29. mars. sl. og 3. apríl s.l. Fundargerð frá 29. mars samþykkt samhlið. Síðan var tekin fyrir fundargerð frá 3. apríl.

Farið var yfir fundargerðina og síðan var lögð fram svofelld sameiginleg ályktun frá hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, forsvarmanna Tanga hf. og atvinnumálanefndar Vopnafjarðrhrepps: "Á sameiginlegum fundi hreppsnefndar Vopnafjarðar, atvinnumálanefndar hreppsins og forsvarsmanna Tanga h/f, þann 3. apríl sl., kom fram að miklar blikur eru á lofti í atvinnumálum Vopnfirðinga.

Fundurinn var sammála því að koma þyrfti á fundi með þingmönnum kjördæmisins hið fyrsta, þar sem þeim yrði gerð grein fyrir þeim vanda í atvinnumálum, sem Vopnfirðingar búa við.

Bolfiskvinnsla á Vopnafirði hefur að uppistöðu til verið byggð á rússafiski og hefur vinnsla þessi veitt um 60 manns stöðuga vinnu fram að þessu. Erfitt hefur verið að fá slíkan fisk keyptan að undanfögnu á viðunandi verði fyrir vinnsluna. Vinnsla þessi hefur verið einn af megin burðarásunum í atvinnulífi Vopnfirðinga. Alger óvissa er um starfsöryggi þessa fólks.

Með einhverjum hætti verður að tryggja öryggi í landvinnslunni og jafnhliða þarf að vinna að uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra til framtíðar.

Aðgerðir stórvalda í virkjana og stóriðjumálum og samgöngumálum eru ekki þess eðlis að íbúar norðan Smjörfjalla eigi von í auknum fjölda starfa, vegna þessara framkvæmda, ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana fyrir þetta svæði.

Samgöngumál eru með þeim hætti við Vopnafjörð og Skeggjastaðahrepp að litlar líkur eru á því við, óbreyttar aðstæður, að þessi svæði verði verulegir þátttakendur í uppbyggingu og starfsemi er lýtur að fyrirhuguðum stóriðjumálum.

Þá á sér stað mikil atvinnuuppbygging tengd laxeldi í sjó á Austurlandi, þar sem mjög auðvelt er að ná í þekkingu og fjármagn. Vopnafjörður er útilokaður frá því að vera þátttakandi í þessari uppbyggingu vegna nálægðar við laxveiðiárnar.

Vinna þarf að skjótum lausnum í þessum málum og er brýnt að þingmenn kjördæmisins leiti leiða með heimamönnum um það hvernig best verður staðið að því að tryggja atvinnuöryggi á Vopnafirði í nútíð og framtíð og þar með gott mannlíf."

Oddviti bar upp fundargerðina með ályktuninni og var hún samþykkt samhliða.

2. mál. Fundargerðir skólanefndar frá 29. mars og 24. apríl 2001. Fundargerðirnar teknar fyrir hvor fyrir sig. Báðar fundargerðirnar voru samþykktar samhljóða.

3. mál. Fundargerð bygginanefndar frá 25. apríl sl. Fundargerðin rædd og samþykkt að óska heimildar Skipulagsstjóra ríkisins til að auglýsa deiliskipulag orlofsbyggðar á Þorbrandsstöðum í samræmi við fyrirliggjandi tillögur Börns Kristleifssonar, arkitekts.

4. mál. Vopnfirðingar virkja, Óðinn G. Óðinsson mætir á fundinn. Oddviti bauð Óðinn G. Óðinsson velkominn á fundinn til að fylgja úr hlaði stefnumótunar skýrslu um verkefnið Vopnfirðingar virkja, sem unnið hefur verið að undanförunu í samvinnu Vopnfirðinga og Þróunarstofu Austurlands. Um er að ræða stefnumótun í atvinnumálum Vopnfirðinga fyrir árin 2001-2006, þar sem fjallað er um framtíðarsýn Vopnafjarðarhrepps á þróun atvinnamála í hinum mismunandi atvinnugeirum á tímabilinu. Í áætlunini er atvinnustarfseminni skipt uppi atvinnurekstur er byggir á auðlindum lands, menntun og þekkingu, auðlindum sjávar, samfélagsþjónustu og menningu, verslun og þjónustu, iðnaði og ferðaþjónustu. Fram kom mikilvægi þess að fylgja verkefninu vel eftir þannig að stöðugt væri unnið að framgangi verkefna í samræmi við markmiðssetningu á stefnumótunaráætluninni. Ennfremur var talið mikilvægt að halda almennan fund þar sem stefnumótunin yrði kynnt fyrir almenningi og jafnframt fengnir valinkunnir aðilar til þess að vera með erindi um atvinnumál. Stefnumótunin var að öðru leyti lögð fram til kynningar og miðað við að hún yrði afgreidd á næsta fundi hreppsnefndar.

Að lokinni kynningu Óðins þakkaði oddviti honum fyrir hönd sveitarstjórnar mjög góða vinnu og greinargott erindi.

5. mál. Aðalfundur Tanga h/f.

Sveitarstjóra falið að fara með atkvæði Vopnafjarðarhrepps á aðalfundi Tanga hf.

6. mál. Hámundarstaðir, sala. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar og sveitarstjóra falið að leita nánari upplýsinga. Ákveðið hefur verið að selja Hámaundarstaði I-III, sem eru í eigu Vopnafjarðarhrepps. Komið hefur tilboð í uppkauþ á nótaveiði Hámundarstaða.

7. mál. Tillaga um oddvita og varaoddvita hreppsnefndar. Tillaga kom fram um Aðalbjörn Björnsson sem oddvita og Emil Sigurjónsson sem varaoddvita. Tillagan samþykkt með 5 atkv.

8. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Lögð fram fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 3. apríl sl.

b) Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 22. mars sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið.